



Stefnumótun í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030

Stöðumat og aðrar upplýsingar



Reykjavíkurborg



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Fororð

Þessi skýrsla inniheldur stöðumat á íþróttamálum í Reykjavík og á framfylgd gildandi íþróttastefnu og stefnu um sundlaugar. Auk þess eru teknar til nánari lýsingar á mögulegum verkfærum sem ÍTR og ÍBR geta beitt til að fá betri ákvarðanir og til að fylgja stefnuáherslum eftir.

Efnisyfirlit

Staða íþróttamála	4
Helstu niðurstöður	5
Íþróttafélög, framboð þjónustu og þátttaka	6
Íþróttamannvirki í Reykjavík, fjárfesting og hugmyndir um uppbyggingu	14
Stuðningur Reykjavíkurborgar við þátttakendur í íþróttum og íþróttafélögin	21
Rekstrarúttekt á hverfaíþróttafélögum í Reykjavík árin 2014-2018	24
Breytingar á hverfaskiptingu hverfisíþróttafélaganna	31
Stöðumat á stefnu	35
Íþróttamál í Reykjavík – Stöðumat á stefnu 2012-2020	35
Laugarnar í Reykjavík – Stöðumat á framtíðarsýn 2032	38
Aðgerðir	44
A1 :Samningur um þjónustu íþróttafélaganna - endurskoðun	46
A2: Aðferðafræði við ákvörðun um uppbyggingu mannvirkja, líkan við forgangsröðun	47



Stađa íþróttamála

Staða íþróttamála - helstu niðurstöður

Íþróttafélög, þjónusta og þátttaka

Þjónustuframboð fyrir börn og unglunga er mismikið og misfjölbreytt eftir hverfum í Reykjavík
Þátttaka barna- og unglunga er mismikil eftir hverfum í Reykjavík, en hlutfallslega þátttaka barna og unglunga úr hverfum 111 og 101/102 er minnst, en mest í hverfi 113.

Íþróttamannvirki

Áætlað fasteignamat íþróttamannvirkja í Reykjavík er um 51 milljarðar kr,
Flest íþróttafélögin telja íþróttaaðstöðuna ekki nógu góða og því hafa komið fram margar hugmyndir um nýja aðstöðu eða mannvirki fyrir íþróttir/íþróttafélögin í Reykjavík.

Stuðningur Reykjavíkurborgar við íþróttir

Á árinu 2019 var stuðningur borgarinnar við þátttakendur í íþróttum um 508 mkr,
en beinn stuðningur við íþróttafélögin, ÍBR og viðburði á vegum ÍBR var um 2.622 mkr.

Rekstur hverfisíþróttafélaganna

Heildarrekstrarniðurstaða aðalstjórna hverfafélaganna er að versna, er neikvæð 2018 en hafði árin á undan verið jákvæð.

Það hefur dregið úr afkomu körfubolta- og deilda undanfarin ár (ef Valur er undanskilinn í fótbolta)

Rekstrarkostnaður mannvirkja, án launa, hefur aukist talsvert umfram verðlag á árunum 2014-2018 sem þýðir að sá rekstur er að verða æ meiri baggi á félagunum.

Heildarlaunakostnaður félaganna hefur vaxið gríðarlega eða um rúm 50% frá árinu 2014

Ef aðeins er horft á launakostnað aðalstjórna vegna skrifstofurekstrar og rekstrar mannvirkja

þá er hækkunin um 30% á sama tíma.

Framlag til rekstrar hefur aftur á móti aðeins hækkað um rúm 20% sem þýðir að félagin

þurfa í meira mæli að treysta á sjálfsaflafé.

Skuldastaða hefur haldist nokkuð svipuð á tímabilinu og veltufjármunir og skuldir eru í nokkuð góðu jafnvægi.



Íþróttafélög, framboð þjónustu og þátttaka

Íþróttafélög
lökkendur eftir hverfum

Íþróttafélögin í Reykjavík

Íþróttafélög í Reykjavík sem eru aðilar að ÍBR skiptast í hverfisfélög, fjölgreinafélög og sérgreinafélög

Hverfisfélög:

Hverfisfélögin eru 9 talsins, eru jafnframt öll fjölgreinafélög, en framboð þeirra af íþróttagreinum er mismikið (3-14 greinar, 3-11 greinar með barna- og unglिंगastarfi)

Fjölgreinafélög (ekki hverfisfélag):

Félög með fleiri en tvær greinar en hafa ekki þá stærð að hægt sé að flokka þau sem hverfisfélög

Sérgreinafélög:

Sérgreinafélögin í Reykjavík eru 66 talsins, þar af eru 34 þeirra með barna- og unglिंगastarf, en hin eru einungis starf fyrir eldri aldurshópa.

Sérgreinafélögin sem hafa barna og unglिंगastarf sinna annað hvort ákveðnum svæðum innan Reykjavíkur (ef fleira en eitt slíkt félag er í Reykjavík), eða sinna allri Reykjavík varðandi viðkomandi íþróttagrein.

Nær öll sérgreinafélögin eru með eina íþróttagrein eða tvær náskyldar greinar.

Önnur félög sem veita börnum og unglिंगum í Reykjavík þjónustu við íþróttir eða líkamsrækt


Fyrir utan íþróttafélög sem eru aðilar að ÍBR, eru nokkrir aðilar í Reykjavík sem veita þjónustu við íþróttir eða líkamsrækt fyrir börn- og unglिंगa.

Íþróttafélög og aðrir aðilar í nágrennasveitarfélögum veita einnig reykvískum börnum þjónustu, annað hvort með samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi sveitarfélags, eða án þess að borgin sé að hlutast til um þátttökuna.


Hverfis- og fjölgreinafélög ásamt sérgreinafélögum með mesta barna og unglिंगastarfið

Hverfisíþróttafélög	Fjölgreinafélög	Sérgreinafélög (með mesta barna- og unglिंगastarfið)
Fjölnir	UMFK	Skautaf. Rvk
ÍR		Leiknir
Árman		TBR
KR		Klifurfélag Rvk.
Fylkir		Ægir
Fram		GR
Valur		Þórshamar, karatef.
Víkingur		Hnefaleikaf. Æsir
Þróttur		Karatef. Rvk
		O.fl.

Skipting reykvískra iðkenda 6-18 ára eftir tegund félaga



Hverfisfélögin hafa átta skilgreind hverfi innan Reykjavíkur sem þeim er ætlað að þjóna.
 Flest hverfin hafa íbúafjölda á bilinu 15-21 þúsund, en hverfi Fram og Fylkis eru aðeins með 7 og 11 þúsund íbúa



Hverfisfélögin í Reykjavík sinna umfangsmiklu íþróttastarfi í nærumhverfinu


Hverfisfélögin reka öll umfangsmikið barna- og unglingastarf ásamt því að sinna öðrum aldurshópum.

Árman og Þróttur þjóna sama hverfinu, enda skarast ekki íþróttagreinarnar sem þau bjóða.


Fjölur er með langflesta iðkendur úr Reykjavík á aldrinum 6-18 ára, nær tvöfalt fleiri en önnur félög (Frístundakort 2019).

Framboð hverfisfélaganna á íþróttagreinum, fyrir íbúa hverfanna, er mjög mismunandi, allt frá 3 greinum hjá Val í 15 greinar hjá Ármani/Þrótti (sem eru í sama hverfinu).


Hverfisíþróttafélög og iðkendur úr Reykjavík 6-18 ára (frístundakortsgögn 2019)



Hverfisíþróttafélögin í Reykjavík og fjöldi greina



Hverfisíþróttafélögin í Reykjavík og fjöldi greina



* Tölurnar innihalda iðkendur á aldrinum 6-18 ára sem nota frístundastyrk Reykjavíkurborgar til greiðslu amk hluta æfingagjalda. Iðkendur félaganna eru fleiri (þeir sem eru eldri eða yngri en 6-18 ára, þeir sem ekki nota frístundakort til greiðslu og þeir sem koma frá öðrum bæjarfélögum). Hver einstaklingur er aðeins talin einu sinni, þó viðkomandi æfi fleiri íþróttagreinir hjá sama félagi.

Nánara yfirlit yfir þær íþróttagreinar sem eru í boði hjá hverfisfélögunum

Nánar yfirlit yfir þær íþróttagreinar sem eru í boði hjá hverfisfélögunum

Íþróttagrein (ÍSÍ)	Árman	Þróttur	Fjölirnir	Fram	Fylkir	ÍR	KR	Valur	Víkingur
Knattspyrna		x	x	x	x	x	x	x	x
Handknattleikur		x	x	x	x	x	x	x	x
Körfuknattleikur	x		x			x	x	x	
Blak		x			x				
Fimleikar	x		x		x	x			
Frjálsar	x		x			x	x		
Sund	x		x				x		
Skíði	x			x		x	x		x
Listskautar			x						
Íshokkí			x						
Júdó	x					x			
Karate			x		x	x			x
Taekwondo	x			x		x			
Tennis		x	x						x
Badminton							x		
Borðtennis							x		x
Kraftlyftingar	(x)								
Ól Lyftingar	(x)								
Keila						x	x		
Glíma							x		
Fjöldi greina innan ÍSÍ	9	4	10	4	5	10	10	3	6
Aðrar greinar									
Píla							(x)		
Skák		x	x				(x)		
Rafíþróttir	x				x		x		
Almenningsíþróttir				(x)			(x)		(x)
Fjöldi annarra greina	1	1	1	1	1	0	4	0	1
Fjöldi greina í heild	10	5	11	5	6	10	14	3	7

Í öllum hverfunum 8 er boðið uppá knattspyrnu og handknattleik. Körfuknattleikur og skíði eru í boði hjá 5 félögum. Fimleikar, frjálsar íþróttir, karate og rafíþróttir eru í boði hjá 4 félögum.


Aðrar greinar eru í boði hjá færri félögum. Þar fyrir utan sinna sérgreinafélög ákveðnum hverfum eins og í karate, skautum, badminton og sundi, sem bætist við framboð íþróttagreina í viðkomandi hverfi.

Hverfisfélögin bjóða mörg hver upp á greinar sem ekki eru innan vébanda ÍSÍ eins og rafíþróttir, skák o.fl.

Sérgreina- og fjölgreinafélög í Reykjavík sinna öfluggu barna og unglिंगastarfi

Mörg sérgreina- og fjölgreinafélög í Reykjavík reka umfangsmikið barna- og unglिंगastarf. Af þeim 33 félögum sem eru með barna- og unglिंगastarf voru 19 félög með 10 eða fleiri iðkendur úr Reykjavík á aldrinum 6-18 ára.

Sérgreina- og fjölgreinafélög með >10 iðkendur úr Reykjavík 6-18 ára
(frístundakortsgögn 2019)



* Tölurnar innihalda iðkendur á aldrinum 6-18 ára sem nota frístundastyrk Reykjavíkurborgar til greiðslu amk hluta æfingagjalda. Iðkendur félaganna eru fleiri (þeir sem eru eldri eða yngri en 6-18 ára, þeir sem ekki nota frístundakort til greiðslu og þeir sem koma frá öðrum bæjarfélögum). Hver einstaklingur er aðeins talin einu sinni, þó viðkomandi æfi fleiri íþróttgreinar hjá sama félagi.

Önnur félög sem veita börnum og unglíngum í Reykjavík þjónustu


Þó hverfisfélög og sérgreinafélög innan ÍBR séu með umfangsmikla starfsemi, eru fleiri félög sem sinna börnum og unglíngum í Reykjavík varðandi íþróttir og líkamsrækt.

Sum þessara félaga eru innan Reykjavíkur, en önnur eru í nágrennasveitarfélögum.

Stór hluti iðkenda annarra félaga sækir í líkamsrækt, dans og fimleika í nágrennasveitarfélögum, eða í bardagaíþróttir (þessi félög eru ekki aðilar að ÍBR)


Fjöldi iðkenda sem sækir í íþróttagreinar í öðrum sveitarfélögum getur verið vísbending um hvaða aðstöðu helst vantar í Reykjavíkurborg

Önnur félög með >10 iðkendur úr Reykjavík 6-18 ára
(frístundakortsgögn 2019)



Iðkendur eftir hverfum

Hlutfall þeirra barna og unglunga (6-18 ára) sem stunda íþróttir eða líkamsrækt (skv. Frístundakorti 2019) er svipaður í flestum hverfum borgarinnar eða yfir 60%, meðaltalið er 63%. Þó skera nokkur póstnúmer sig úr, en það eru póstnúmerin 101/102 og 111, vegna þess að þátttakan þar er minni í samanburði við önnur hverfi (46% og 40%) og póstnúmer 113, þar sem þátttakan er meiri en í öðrum hverfum eða 77%



* Tölurnar innihalda iðkendur á aldrinum 6-18 ára sem nota frístundastyrk Reykjavíkurborgar til greiðslu amk hluta æfingagjalda og eru með skráð heimili í Þjóðskrá í viðkomandi póstnúmeri.



Íþróttamannvirki í Reykjavík

Yfirlit yfir fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum, völlum og aðstöðu Hugmyndir um uppbyggingu íþróttamannvirkja


Yfirlit yfir áætlaða fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum, völlum og aðstöðu*

Heildarfasteignamatið er 50,9 milljarðar kr


Stærsti hluti þess eru stór íþróttahús eða 20.5 milljarðar kr

Stærsti hlutinn af „annað“ eru skíðasvæðin í Bláfjöllum og Skálafelli eða um 3,5 milljarðar kr

Fasteignamat eftir gerð mannvirkja (milljarðar kr.)



* Byggt á fasteignamati og áætluðu virðismati



Í Laugardalnum eru flest stærstu íþróttamannvirkin og 8,7 af 12,7 milljörðum tilheyra Laugardalsvelli, Laugardalshöll og Laugardalslaug

Í Grafarvogi tilheyra 6 af 10,4 milljörðum kr Egilshöll

Mannvirki sem eru nú í byggingu, eins og í Grafarholti (Fram) og Breiðholti (ÍR-Mjódd) eru ekki inni þessum tölum

Stærsti hluti af Grafarholt / Árbæ, 4,4 milljarðar kr tilheyra Árbæ (Fylki)

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (1 af 4)

- A. Knattspyrnufélagið Þróttur og Glímufélagið Ármann.
Fyrir liggur greinargerð og hugmyndir um íþróttahús fyrir Knattspyrnufélagið Þrótt og Glímufélagið Ármann á bifreiðastæðum vestan gervigrasvallar í Laugardal.
Í húsnæðinu yrði æfinga- og keppnisaðstaða fyrir handbolta, blak og körfubolta. Í húsinu gæti einnig farið fram íþróttakennsla á vegum Laugarnes- og Laugalækjarskóla o.fl. skóla. Einnig væri hægt að koma fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili.
Þróttur hefur lagt fram tillögur um að gervigras verði sett á æfingavöll félagsins. ÍBR hefur lagt fram minnisblað um hvernig nýting Laugardals hallar gæti orðið ef þetta hús rís.
- B. Fyrirhuguð skipulags- og uppbyggingamál hjá KR við Frostaskjól til næstu 10 ára. Fyrirhuguð mannvirki, knatthús, íþróttahús, knattspyrnuvöllur með aðstöðu fyrir áhorfendur, húsnæði fyrir ýmsa félagstengda þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir verulegu magni íbúðabygginga á svæðinu. Svæðið í heild þarf að fara í deiliskipulag.
- C. Tillögur og hugmyndir um knatthús eða íþróttahús á Hlíðarenda. Byggt af Valsmönnum ehf. en borgin myndi styrkja æfingar í húsinu.
- D. Tennishús
Hugmyndir um tennishús í Laugardal hafa legið fyrir um nokkurt skeið og hafa þær verið greindar. Nú er starfandi vinnuhópur á vegum ÍBR um tennisaðstöðu í Reykjavík.
- E. Knattspyrnufélagið Víkingur
Fyrir liggur skýrsla um framtíðarstefnu Víkings um uppbyggingu í Víkinni.
- F. ÍR
Í gildi er samningur á milli Reykjavíkurborgar og ÍR um uppbyggingu mannvirkja í Suður-Mjódd.
Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll lýkur fyrri hluta árs 2020.
Framkvæmdum við fjölnota knatthús lýkur fyrri hluta árs 2020.
Hönnun er hafin á íþróttahúsi.

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (2 af 4)

G. Leiknir

Leiknir hefur óskað eftir knatthúsi og minni háttar æfingasvæði með gervigrasi án upphitunar og flóðljósa við hlið félagshús félagsins.

H. Fylkir

Fyrir liggur skýrsla um uppbyggingu á svæði félagsins í Árbæ.

Lokið er framkvæmdum við keppnisvöll félagsins með gervigrasi og flóðlýsingu.

I. Fjölirnir

Helsta baráttumál Fjölris snýr að aðstöðu fyrir áhorfendur við knattspyrnuvelli félagsins við Dalhús eða við gervigrasvelli við Egilshöll. Aðstaðan uppfyllir ekki leyfiskröfur KSÍ m.a. varðandi aðstöðu fyrir áhorfendur o.fl.

J. Knattspyrnufélagið Fram Úlfarsárdal

Fram flytur í Grafarholt og Úlfarsárdal.

Þar er fyrir gervigrasvöllur og grasæfingasvæði.

Útboð er í gangi varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þar verður íþróttahús með tvöföldum sal sem þjónar félaginu, almenningi og fyrir íþróttakennslu grunnskóla, sem og keppnisvöllur félagsins með gervigrasi og flóðlýsingu. Einnig félagsaðstaða Fram.

K. Laugardalshöll

Fyrir liggja hugmyndir um endurbyggingu og endurbætur á Laugardalshöll til að koma til móts við ýmsar kröfur, m.a. nýtt gólf, nýja lýsingu, endurbætur á búningsklefum og áhorfendasvæði.

L. Laugardalsvöllur

Viðræður eru í gangi milli ríkis, borgar og KSÍ um uppbyggingu á Laugardalsvelli sem þjóðarleikvangs í knattspyrnu og fyrir aðra viðburði.

Stofnað hefur verið félag um málið.

M. Frjálsíþróttavöllur

FRÍ hefur óskað eftir viðræðum við borg og ríki um uppbyggingu á frjálsíþróttavelli sem yrði þjóðarleikvangur fyrir íþróttina.

Hugmyndir hafa komið um tvær staðsetningar í Laugardal. Frjálsíþróttavöllurinn þarf að víkja, ef hugmyndir um þjóðarleikvang á Laugardalsvelli fyrir knattspyrnu, ná fram að ganga.

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (3 af 4)

- N. Þjóðarleikvangur fyrir innanhússíþróttir
HSÍ og KKÍ hafa óskað eftir umræðum við borg og ríki um uppbyggingu í íþróttahúsi sem yrði þjóðarleikvangur með æfingaaðstöðu fyrir körfuknattleik og handknattleik og fyrir landsleiki og gæti nýttst fyrir fleiri íþróttir og ýmsa viðburði. Nefnd á vegum mennta- og menningarmála ráðuneytisins er að störfum.
ÍBR hefur lagt fram hugmyndir um fjölnota íþróttamannvirki í Laugardal.
- O. Skíðasvæðin
Samningur er á milli sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu um mikla uppbyggingu á skíðsvæðunum á næstu árum.
- P. Siglingar
Brokey hefur lagt fram hugmyndir um aðstöðu í Skerjafirði og víðar.
- Q. Keila
Keiluíþróttin hefur haft aðstöðu í Keiluhöllinni Egilshöll. Nokkur óánægja hefur verið með þá aðstöðu, aðallega vegna sambýlis við almenning.
Fram hafa komið hugmyndir um keiluaðstöðu í íþróttamannvirkjum í Suður-Mjódd, í viðbyggingu við Skautahöllina eða í sér keilusal annarsstaðar í borginni. Þá liggja fyrir hugmyndir um byggingu keilusal í nýju hóteli við KEX hótél við Skúlagötu.
- R. Skautahöll
Fram hafa komið hugmyndir um viðbyggingu við Skautahöllina sem yrði æfinga- og upphitunarsvæði sem og lítið skautasvell sem nýst gæti.
- S. Golf
Komið hafa fram hugmyndir um endurbætur á golfvelli í Grafarholti og að GR myndi afsala sér landi. Gerður hefur verið samningur um þetta.
Golfklúbburinn í Brautarholti á Kjalarnesi hefur óskað eftir viðræðum um styrki vegna aðstöðu og reksturs vallarins.

Yfirlit um framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum (4 af 4)

T. Jaðaríþóttir

Fyrir liggur skýrsla starfshóps, sem borgarstjóri skipaði, vegna aðstöðu fyrir hjólabretti.

Einnig er fyrirbyggjandi nokkurra ára gamlar tillögur um jaðaríþóttahús í Gufunesi.

Jaðar íþróttafélag er í leiguhúsnæði við Dugguvog, sem borgin leigir. Samningur rennur út innan tíðar.

Klifurfélag Reykjavíkur hefur sett fram framtíðarsýn félagsins vegna nýrrar aðstöðu fyrir íþróttina og fyrir almenning.

Félagið er í leiguhúsnæði með leigusamning sem rennur út árið 2023.

Bogfimisalur er í leiguhúsnæði við Dugguvog.

U. Frisbígolfvellir hafa risið á nokkrum stöðum í borginni, aðallega fyrir almenning. Eru þeir í Laugardal, Klambratúni, Gufunesi, Leirdal, Fossvogi og Breiðholti (sunnan Fella- og Hólakirkju)

Frisbígolffélag Reykjavíkur hefur óskað eftir að völlurinn í Leirdal verði stækkaður og verði „heimavöllur“ félagsins.

V. Sundlaugar

Yfirbyggð æfinga- og kennslulaug og almenningslaug verða teknar í notkun haustið 2021. Fyrir liggja hugmyndir um sundlaug í Fossvogsdal.

Einnig hafa legið fyrir um nokkurt skeið hugmyndir um yfirbyggða æfinga- og keppnislaug við Vesturbæjarlaug sem gæti þjónað skólasundi og sunddeildum félaga.

W. Fimleikar

Tekið hefur verið í notkun fimleikahús á Seltjarnarnesi sem þjónar einnig íbúum í vesturhluta borgarinnar.

Samningurinn er við Seltjarnarnesbæ um verkefnið.

Fylkir hefur óskað eftir að fimleikahús við Norðlingaholt verði stækkað.

Árman hefur óskað eftir að bætt verði verði búningasklefaaðstöðu við fimleikahús í Laugardal.

Þ. Útivistamiðstöðvar í Elliðárdal og Gufunesi

Stuðningur Reykjavíkurborgar við þátttakendur í íþróttum og íþróttafélögin



Stuðningur Reykjavíkur við þátttakendur í Reykjavík er um 508 mkr á árinu 2019

Beinn stuðningur Reykjavíkurborgar við þátttakendur í íþróttum og hreyfingu flokkast í:

Stuðningur við íþróttir með frístundastyrkjum 461 mkr


Niðurgreiðslur á sundi fyrir aldraða, öryrkja og fólk í atvinnuleit 41 mkr

Niðurgreiðsla á sundleikfimi og leikfimi 7 mkr


Með frístundastyrkjum er bæði verið að styrkja íþróttaráttöku barna og unglinga og einnig þátttöku í öðru frístundastarfi, sjá skiptingu hér að neðan

Styrkir voru hækkaðir úr 30 í 35 þúsund kr milli ára 2014 og 2015 og í 50 þús kr árið 2017.

Frístundastyrkir Reykjavíkurborgar



Stuðningur Reykjavíkur við þátttakendur (mkr)



Styrkir Reykjavíkurborgar til íþróttafélaganna árið 2019 er um 2.622 mkr

Beinn stuðningur við íþróttafélögin skiptist í

Styrk vegna afnota af mannvirkjum 1.518 mkr


Styrk vegna húsaleigu, æfinga, íþróttafulltrúa og þjónustu félaga 942 mkr


Styrk vegna viðhaldsverkefna og framkvæmda 74 mkr

Styrk vegna skrifstofu ÍBR, sérráða, ferðastyrkja, viðburðarhalds, skólamóta, alþjóðaleika og Reykjavíkumaraþons 67 mkr

Frístundaakstur barna 22 mkr

Styrkir Reykjavíkurborgar til íþróttafélaganna (mkr)





Rekstrarúttekt á hverfa- íþróttafélögum í Reykjavík árin 2014-2018*

* Gert í nóvember og desember 2019. Íþróttabandalag Reykjavíkur

Rekstrarúttekt hverfafélaga árin 2014-2018

Í tilefni af stefnumótun fyrir íþróttafélög í Reykjavík til ársins 2030 var óskað eftir að gerð væri úttekt á rekstri hverfafélaga. Úttektin var unnin af ÍBR upp úr ársreikningum níu hverfafélaga sem og samræmdri framsetningu sem félögum ber að skila. Einnig var leitað eftir frekari upplýsingum frá fulltrúum félaganna.


Niðurstaða rekstrar

Uppbygging tekna er að mestu leyti annars vegar styrkir frá Reykjavíkurborg s.s. húsnæðis- rekstrar- og byggingastyrkir og hins vegar æfingagjöld, veitingasala, tekjur vegna auglýsinga, húsaleigu og annað sjálfsaflafé.


Rekstur íþróttafélaga er mismunandi. Sum félög sinna rekstri eigin mannvirkja, önnur hafa aðgang að mannvirkjum þar sem borgin sér um rekstur, sum félög sjá um rekstur borgarmannvirkja og svo hafa einhver félög aðstöðu í mannvirkjum fasteignafélaga. Einnig er fjöldi iðkenda mjög mismunandi svo og fjöldi íþróttagreina hjá hverju félagi.

Á mynd 1 sést rekstarniðurstaða aðalstjórna án afskrifta fastafjármuna 2014-2018 í milljónum króna. Eins og sjá má er nokkur munur milli ára. Milli árána 2017 og 2018 lækkar rekstarniðurstaða um rúmlega 169,4 mkr. frá árinu áður. Rekstrarafkoma flestra félaga versnar. Til að mynda Valur um 48,1 mkr., að mestu leiti vegna viðhalds um 26,7 mkr. og launa 11,5 mkr. Fram um 59.6 mkr. sem skýrist að mestu vegna aukningu á styrkjum til deilda um 14,3 mkr., niðurfelling krafna og framlög á deild 42,6 mkr. Fjölirnir um 33,2 mkr. sem er að mestu leyti laun og verktakagreiðslur um 7,9 mkr. og viðburðakostnaður um 18.2 mkr





Mynd 2. Rekstrarniðurstaða deilda




Mynd 3. Heildar rekstrarniðurstaða íþróttafélaga

Á mynd 2 sést rekstrarniðurstaða knattspyrnu-, handbolta- og körfubolta-deilda, þar má sjá að flest ár eru deildir með nokkuð jákvæða útkomu. Þó að árið 2018 séu knattspyrnudeildir samanlagt með um 117 mkr. jákvæða niðurstöðu verður að taka fram að knattspyrnufélagið Valur hefur mikil áhrif á heildina, hagnaður knattspyrnudeildar Vals var 132 mkr. árið 2018 sem skýrist að mikli leyti af UEFA styrk að fjárhæð 172,6 mkr. Ef Valur væri ekki meðtalinn árið 2018 væri niðurstaða knattspyrnudeilda í heild neikvæð um kr. 14.8 mkr. samanber svartra línun á myndinni. Þá sést einnig að rekstur körfuboltadeilda hefur greinilega þyngst allra síðustu ár.


Á mynd 3 er heildar rekstrarniðurstaða deilda og aðalstjórna allra félaganna. Eins og sjá má er árið 2018 neikvætt rétt um 19,6 mkr. sem er sveifla um 122,7 mkr. gagnvart fyrra ári. Um 54,9 mkr. tilheyra Val, 30,6 mkr. Fram og Ármann um 22,7 mkr. ÍR um 25.2 mkr. Önnur félög hafa minni rekstrarmun jákvæðan eða neikvæðan.

Á mynd 4 sést rekstrarkostnaður mannvirkja án launa 2014–2018. Samkvæmt henni hækkar árlegur kostnaður um 96 mkr. eða um 50%. Neyslúvísitala hækkar á þessu tímabili um 9,9% þannig að hér er um umtalsverða kostnaðaraukningu að ræða.




Mynd 4. Rekstrarkostnaður mannvirkja án launa

Laun og verktakagreiðslur telaga



Mynd 5. Laun og verktakagreiðslur

Laun og verktakagreiðslur-heild




Mynd 6. Laun og verktakagreiðslur samtals öll félög

Á mynd 5 sjást laun og verktakagreiðslur hvers og eins félags á tímabilinu. Tekið skal fram að allar niðurstöðutölur eru á verðlagi hvers árs.

Á mynd 6 sést að á árunum 2014 til 2018 hafa laun og verktakagreiðslur hækkað um 51,4% eða um 541,7 mkr. en á sama tíma hækkar launavísitala um 35,8%. Heildar kostnaður launa- og verktakagreiðslna nam um 1,6 milljarðar króna á árinu 2018.

Á mynd 7 er tilgreindur kostnaður aðalstjórna vegna launa skrifstofa og mannvirkja sem hækkaði um 29,6%. En á sama tímabili hefur launavísitala hækkaði um 35,8%.

Laun skrifst. og mannvirkja aðalstjórna




Mynd 7. Laun skrifstofu og mannvirkja aðalstjórna

Framlög og styrkir

Í töflunni hér að neðan sjást styrkir Reykjavíkurborgar vegna rekstrar skrifstofa (íþróttafulltrúar og þjónusta) og mannvirkja. Einnig koma fram aðrar tekjur félaga af mannvirkjum svo sem vegna útleigu.

	2014	2015	2016	2017	2018
Framlög, styrkir vegna skrifstofu	181,724,000	188,203,000	193,683,000	207,888,000	220,115,000
Framlög, styrkir vegna mannvirkja	309,495,543	318,835,064	331,218,476	348,999,998	372,621,669
Aðrar tekjur mannvirkja	153,425,894	158,519,374	162,270,326	173,014,758	195,771,986




Eins og mynd 8 ber með sér er hækkun nokkuð línuleg. Munur á framlögum milli 2014 og 2018 eru annars vegar vegna skrifstofu 38,3 mkr. um 21,1% og hins vegar vegna mannvirkja 63,1 mkr. sem eru 20,3%. Miðað við samstarfssamning Reykjavíkur og ÍBR varð breyting á vísitöluhækkunum hans árið 2017. Áður var miðað við neysluvísitölu en nú er miðað við meðaltal neysluvísitölu og launavísitölu. Ef stuðst hefði verið við þessa aðferð frá 2014-2018 hefði hækkunin verið 22,8% að meðaltali en var um 20%.


Skuldir og veltufjármunir

Skuldastaða félaga er mjög mismunandi og jukust skuldir nokkuð árið 2018, eftir að hafa lækkað árið 2017 sjá mynd 9. Súlurit á mynd 10 sýnir að heildarskuldir hafa aukist um 7,2 mkr. á tímabilinu. Einnig sést að hækkun frá árinu 2017-2018 er um 21,4 mkr. Hér eru meðtaldar innbyrðis skuldir deilda og aðalstjórna

Skuldir einstakra félaga




Heildar skuldir félaga



Mynd 9. Skuldir íþróttafélaga

Mynd 10. Samtals skuldir íþróttafélaga

Heildarskuldir boltadeilda




Mynd 11. Skuldir boltadeilda

Á mynd 11 má sjá samtals skuldastöðu hvers árs allra boltadeilda. Hækkun skulda handboltadeilda er um 179,4% á tímabilinu. Hjá knattspyrnudeildum hækka þær um 18,7% en óveruleg lækkun hjá körfuboltadeildum.

Þegar skuldir eru tilgreindar er ágætt að taka saman hvað er til af veltufjármunum til að mæta þeim. Á mynd 12 er veltufjármunum skipt upp í handbært fé og viðskiptakröfur hjá öllum hverfisfélögum árin 2014–2018. Hér eru meðtaldar innbyrðis kröfur aðalstjórna og deilda.


Veltufjármunir



Mynd 12. Veltufjármunir

Hér að neðan á mynd 13 má sjá mismun skulda og veltufjármuna árið 2018 hjá öllum félögum. Heilt yfir er staðan í nokkuð góðu jafnvægi.

Skuldir og veltufjármunir 20



Mynd 13. Skuldir og veltufjármunir

Breytingar á hverfa- skiptingu hverfis- íþróttafélaganna



Framtíð Safamýrasvæðisins eftir brottför Fram í Grafarholt

Stýrihópur verkefnisins skilaði af sér áfangaskýrslu 3. júní 2019 varðandi breytingar á hverfum hverfafélaga.

Lagt var til að Safamýrasvæðið yrði hluti af svæði Víkinga eftir að Fram flytti alfarið í Grafarholt.

Þeir þættir sem helst réðu um að hópurinn komst að þessari niðurstöðu voru:

Jafnvægi milli fjölda íbúa að baki hverfafélögum

Í núverandi hverfi Víkinga eru um 9.000 íbúar og verða 14.500 við breytta hverfaskiptingu, til samanburðar eru Valur, KR, Þróttur, Ármann, ÍR og Fjölur með 17.000-21.000 íbúa. Fylkir og Fram eru með 8.000-12.000 íbúa.

Góðar almenningssamgöngur

Almennt eru betri almenningssamgöngutengingar milli Safamýrar og núverandi svæðis Víkinga en við Valssvæðið, sem ætti að skapa möguleika á tengingu svæðanna án sérstaks frístundaaksturs

Ferðamáti	Hlíðarendi - Safamýri	Víkin - Safamýri
Á bíl	7 mín	7 mín
Gangandi	26 mín	36 mín
Strætó	23-28 mín	19-28 mín

Tengsl við aðrar hverfaskiptingar

Skólahverfi fyrir Háaleitis-Álftamýri nær til svæðis sem afmarkast af Suðurlandsbraut, Kringlumýrarbraut og Miklubraut.


Skólahverfi Háaleitisskóla-Hvassaleiti afmarkast af Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðarvegi og Grensásvegi. Með því að semja við Víking um þjónustu við Safamýrasvæði fellur allt skólahverfi Háaleitisskóla undir þjónustusvæði sama hverfis-íþróttafélags, sem myndi teljast kostur við þá ráðstöfum.

Einnig fellur svæðið nokkuð vel að borgarhverfinu „Háaleiti og Bústaðir“ í hverfaskipulagi borgarinnar.

Sterk framtíðarsýn með tveimur kjörnum

Litið var til vaxtamöguleika á Safamýrasvæðinu og þess markmiðs að tryggja varanlega og vaxanda þjónustu við íbúa með tilkomu nýs félags. Víkingur myndi til dæmis leggja meiri áherslu á keppni í handbolta á Safamýrasvæðinu en að nýta aðstöðunna í Víkinni til keppni í knattspyrnu. Þessi framtíðarsýn þykir ríma vel við áherslur borgarinnar og óskir íbúa svæðisins.

Hverfissskipting ípróttafélaga eftir flutnings Safamýrarsvæðis til Víkinga, áður en afstaða er tekin til nýs hverfis Vogabyggðar og á Ártúnshöfða



Vogabyggð og Ártúnshöfði

Almennt eru hverfamörk íþróttafélaga ekki að breytast við þéttingu byggðar í Reykjavík, heldur mun fjölgun íbúa í hverju hverfi fjölga mögulegum iðkendum hjá viðkomandi íþróttafélagi. Nýir íbúar fá að njóta þeirrar þjónustu sem snýr að íþróttum og hreyfingu, sem búið er að byggja upp í viðkomandi hverfi, hvort sem það er á vegum hverfisfélags, sérgreinafélags eða annarra.

Í tilviki uppbyggingar íbúðabyggðar í Vogabyggð (um 3.000 íbúar) og á Ártúnshöfða (um 10.000 íbúar) þarf þó að staldra við og velta fyrir sér hvort væntanleg þjónusta sem varðar íþróttir og hreyfingu barna- og unglunga er nógu góð, sérstaklega með tilliti til þess að fjarlægð í helstu íþróttamannvirki þeirra félaga sem liggja næst, er nokkur.

Frá Vogabyggð og Ártúnshöfða er áætlaður ferðatími (Google maps) í næstu íþróttamannvirki.

Leiðir	Göngutími	Aksturstími	Almenningssamgöngur
Sævarhöfði – Víkin (Víkingur)	21 mín	5 mín	Ekki hentugt
Naustavogur – Laugardalur (Þróttur/Árman)	39 mín	7 mín	24 mín
Sævarhöfði – Fylkisvöllur (Fylkir)	44 mín	8 mín	27 mín
Sævarhöfði – Dalhús (Fjölnir)	43 mín	7 mín	23-27 mín

Þess ber að geta að þegar hverfið verður uppbyggt munu almenningssamgöngur og akstursleiðir breytast frá því sem er í dag. Þeir valkostir sem eru í stöðunni eru:

1. Hverfinu verði skipt upp milli félaganna sem eru í nágrenninu.
2. Nýtt íþróttahverfi verði skilgreint með nýju/gömlu hverfisfélagi.

Íþróttamál í Reykjavík

Stöðumat á stefnu 2012-2020

Árangur var metinn á vinnufundi með þátttöku fulltrúa ÍTR og ÍBR



Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2020

••

Almenningsíþróttir og þátttaka fjölskyldunnar

Aðgengi barna og unglinga að íþróttum

Áherslur í innra starfi félaganna og þjónustu við íbúa

Samskipti borgaryfirvalda og íþróttafélaga

Rekstur, uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja

- Borgarþúar séu allir meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífstíls og taki virkan þátt í reglubundinni hreyfingu.
- Allir borgarþúar eigi þess kost að stunda heilsusamlega hreyfingu á öllum æviskeiðum .
- Meira en 85% íbúa Reykjavíkur stundi skipulega hreyfingu og/eða íþróttir að staðaldri árið 2020.
- Öll börn og ungmenni hafi jafnan aðgang og möguleika til íþróttaiðkunar og nýtingar íþróttamannavirkja án tillit til efnahags og/eða hvort æft sé með keppni í huga .
- Samþætting verði aukin í nærumhverfi barna og unglinga með sérstakri áherslu á samstarf skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga.
- Reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum og reykvísk keppnislið á meðal þeirra bestu á landinu.
- Íþróttafélög starfi eftir uppfærðum íþróttanámskrám sem tryggji markvissa íþróttþjálfun ásamt því að gera kröfur um fagleg vinnubrögð og menntun þeirra sem að starfinu koma.
- Öll starfsemi rekstur og umgjörð íþróttafélaga í Reykjavík verði með faglegum hætti og tryggi iðkendum bestu mögulegu aðstöðu til íþróttaiðkunar og uppbyggingar félagslegra þátta.
- Góður skilningur og traust ríki um mikilvægi starfsins og þörfum þess fjölda sem iðkar íþróttir.
- Unnið verði eftir faglegum og fjárhagslegum langtímaáætlunum.
- Rekstur og uppbygging íþróttamannvirkja verði í takt við þarfir notanda á hverjum tíma og með tilliti til stöðu mála í þjóðfélaginu
- Mikilvægt að hafa langtímastefnu um uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja
- Mannvirkjum sé viðhaldið með reglulegum og eðlilegum hætti til að lágmarka kostnað til lengri tíma.


Samantekt niðurstöðu

Mat á stefnu:


● Árangur fullnægjandi ● Árangur sæmilegur ● Lítil árangur

Mat á undirþáttum stefnu:

■ Árangur fullnægjandi ■ Árangur nálægt því að vera fullnægjandi
■ Árangur sæmilegur ■ Lítil árangur




Almenningsíþróttir og þátttaka fjölskyldunnar



Aðgengi barna og unglunga að íþróttum



Áherslur í innra starfi félaganna og þjónustu við íbúa



Samskipti borgaryfirvalda og íþróttafélaga



Rekstur, uppbygging og viðhald íþróttamannvirkja

- Borgarþúar séu allir meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífstíls og taki virkan þátt í reglubundinni hreyfingu
- Allir borgarþúar eigi þess kost að stunda heilsusamlega hreyfingu á öllum æviskeiðum
- Meira en 85% íbúa Reykjavíkur stundi skipulega hreyfingu og/eða íþróttir að staðaldri árið 2020
- Öll börn og ungmenni hafi jafnan aðgang og möguleika til íþróttaiðkunar og nýtingar íþróttamannavirkja án tillit til efnahags og/eða hvort æft sé með keppni í huga
- Samþætting verði aukin í nærumhverfi barna og unglunga með sérstakri áherslu á samstarf skóla, frístundastarfs og íþróttafélaga
- Reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum og reykvisk keppnislið á meðal þeirra bestu á landinu
- Íþróttafélög starfi eftir uppfærðum íþróttanámskrám sem tryggja markvissa íþróttþjálfun ásamt því að gera kröfur um fagleg vinnubrögð og menntun þeirra sem að starfinu koma
- Öll starfsemi rekstur og umgjörð íþróttafélaga í Reykjavík verði með faglegum hætti og tryggja iðkendum bestu mögulegu aðstöðu til íþróttaiðkunar og uppbyggingar félagslegra þátta.
- Góður skilningur og traust ríki um mikilvægi starfsins og þörfum þess fjölda sem iðkar íþróttir.
- Unnið verði eftir faglegum og fjárhagslegum langtímaáætlunum
- Rekstur og uppbygging íþróttamannvirkja verði í takt við þarfir notanda á hverjum tíma og með tilliti til stöðu mála í þjóðfélaginu
- Mikilvægt að hafa langtímastefnu um uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja.
- Mannvirkjum sé viðhaldið með reglulegum og eðlilegum hætti til að lágmarka kostnað til lengri tíma.

A photograph of a swimming pool with people swimming and a couple sitting on the edge in the foreground. The image is partially obscured by a large teal graphic on the right side of the page.

Laugarnar í Reykjavík

Stöðumat
á framtíðarsýn 2032

Stöðumat- samantekt

Aðsókn að sundlaugum Reykjavíkur hefur aukist um 19,4% milli ára 2012 og 2018 sem er nokkuð umfram fólksfjölda (6,1%)

Aukninguna má að hluta til rekja til ferðamanna og einnig til fjölgunar íbúa og vegna endurbóta á aðstöðu.

Gjaldskrá hefur verið endurskoðuð með tilliti til þess að veita fastagestum afslátt, en ekki hefur náðst að auka tekjur nægjanlega mikið til að þær standi undir 70% af rekstrarkostnaði eins stefnt var að, að undanskyldri Vesturbæjarlaug


Þær sundlaugar sem liggja miðlægt í Reykjavík eru nær því að ná markmiðinu heldur en úthverfalaugarnar

Ánægja með sundlaugarnar hefur aukist aðeins frá 2012




Aðsókn að sundlaugum í Reykjavík hefur aukist um 19,4% milli ára 2012 og 2018

Aðsókn að sundlaugum í Reykjavík



Aðsókn - breyting frá 2010-2018



Aðsókn að sundlaugum í Reykjavík hefur aukist um 19,4% milli ára 2012 og 2018. Aðsóknin vex í Sundhöllinni, Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug, en í öðrum sundlaugum dregst aðsóknin saman.


Íbúum Reykjavíkur hefur fjölgað um 6,1% á sama tímabili þannig að aðsókn að sundlaugunum er umfram íbúafjölgun.



Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði árið 2018 er 63%, en markmiðið var 70%




Árið 2011 voru tekjur sem hlutfall af rekstrarkostnaði 59,9%. Með breyttri gjaldskrá og auknum fjölda gesta hefur tekist að hækka þetta hlutfall í 63,3%. Enn er þó nokkuð í að 70% markmiðið náist. Gestir sem kaupa einskiptisaðgang eru rúmlega 9%. Uppistaðan af gestum í þessum hópi eru ferðamenn. Vesturbæjarlaug er eina sundlaugin sem er með hlutfall tekna af rekstrarkostnaði umfram 70% markmiðið, Laugardalslaugin og Sundhöllin eru ekki langt frá markmiðinu, en úthverfalaugarnar eru nokkuð frá markmiðinu.



Ef tekjur á hvern gest eru skoðaðar, þá eru úthverfalaugarnar að skila lægri tekjum á hvern gest, sérstaklega Breiðholtslaug. Líklega er erfiðara að ná til ferðamanna í þessum laugum.

Aðrir þættir í stefnu um sundlaugar – Ferðamenn og ánægja

Hlutfall ferðamanna sem nýtir sér sundlaugar/náttúrulaugar



Niðurstöðurnar eru fengnar frá Landamærakönnun Ferðamálastofu 2017-2018. Þær miðast við sundlaugar á Íslandi en ekki sérstaklega sundlaugar í Reykjavík og eru því ekki alveg sambærilegar við markmiðið sem sett var.

Það er samt ljóst að markmið um 50% er ekki búið að nást. Náttúrulaugar njóta enn meiri vinsælda en sundlaugar.

Heildaránægja með sundlaugarnar í Reykjavík



Í stefnu um sundlaugar frá 2012 var sett markmið um að láta framkvæma þjónustukönnun um venjur og ánægju gesta. Ekki var sett sérstakt markmið um niðurstöðu úr þjónustukönnuninni.

Þjónustukannanir hafa verið framkvæmdar reglulega. Niðurstaðan í desember 2019 var að 85,8% gesta voru ánægðir eða frekar ánægðir með sundlaugar/sundlaug í Reykjavík. Á skalanum 1-5 hefur ánægjan aukist frá árinu 2012 úr 4,1 í 4,22 (5= allir mjög ánægðir, 1= allir mjög óánægðir)

Aðrir þættir í stefnu um sundlaugar – Önnur nýting vatns, viðhald og kynningarmál

Önnur nýting vatns:

Hugmyndir voru um annars konar lausnir og nýtingu á heita vatninu til baða en hefðbundnar sundlaugar. Það sem gerst hefur frá árinu 2012 er að þjónusta við sjó-sund hefur stórlega aukist, bæði hvað varðar aðstöðu og afgreiðslutíma, einnig hefur síðastliðin tvö ár verið unnið að hugmyndum að uppbyggingu ylstrandar og hafnarbaða í Gufunesi.

Viðhaldsmál:

Tillögur voru um að viðhald lauganna myndi ekki fara fram á þeim tíma þegar aðsókn væri mest. Reynt hefur verið að taka tillit til þessa, en mikið álag er á sundlaugarmannvirkin og til þess að laugarnar geti sinnt sínu hlutverki og uppfyllt skilyrði reglugerða, verður að loka þeim nokkra daga á ári.

Kynningarmál:

Tillögur voru um að auka kynningarmál sundlauganna. Sérstakt átak hefur verið í markaðsmálum fyrir erlenda ferðamenn. Samstarf er einnig með söfnum borgarinnar og Höfuðborgarstofu með sameiginlegar kynningar.





Aãgerðir

Settar eru fram tillögur að tveimur verkefnum sem geta auðveldað að ná fram settum markmiðum

Aðgerð A1

ÍBR semur við íþróttafélögin fyrir hönd ÍTR. Þar sem ÍTR hefur sett sér framtíðarsýn með skýru meginmarkmiði og stefnuáherslum, liggur beinast við að nýjir samningar endurspegli þær áherslur sem ÍTR vill ná fram í íþróttamálum. Með skýrum og skilgreindum hætti eru settar fram væntingar og kröfur í samninginn og þeir hvatar sem liggja á bak við.

Hvati beggja aðila er að hafa skýr markmið að vinna að og fjárhagslegur hvati sé skýr

Aðgerð A2

Eftirspurn eftir nýjum mannvirkjum og aðstöðu er stöðug. Skoðanaskipti og umræða er oft mikil og stundum án nægilegra upplýsinga til að geta tekið vel ígrundaða ákvörðun um forgangsörðun verkefna.

Með því að setja upp líkan sem gefur tveimur helstu þáttum ákvörðun vægi þ.e. fjárhagslegum og félagslegum þáttum, er kleift að bera saman verkefni með hlutlægum hætti.

Þannig getur umræða og ákvörðunartaka orðið með skilvirkum og gagnsæjum hætti

Aðgerð A1: Með því að láta samning um þjónustu íþróttafélaganna endurspeglar stefnuáherslurnar, verður auðveldara að ná tilætluðum árangri

Umfang þjónustu skilgreint

- Kröfur gerðar til íþróttafélaga, sem eru með barnastarf, um að verða fyrirmyndafélög ÍSí.
- Skýrar faglegar kröfur gerðar í samstarfssamningi ÍBR og íþróttafélaga

Afreksmál

Hvernig er staðið að samvinnu um afreksmál

- Samvinna hverfisfélaga (fjölgreina) og sérgreinafélaga
- Samvinna félaga í afreksstarfi

Fjármagn

Skilgreind þóknun og fjármögnun ásamt því hvernig staðið er að greiðslum

- Hvatar verði settir í þjónustu- og samstarfssamninga til að auka samvinnu íþróttafélaga / sameiningar félaga



Áherslur og væntingar

Skýrt tilgreindar áherslur og markmið samnings ásamt væntingum samningsaðila

- Kröfur gerðar til aðila um að halda áfram að bjóða æfingar yngri barna innan hefðbundins vinnudags
- Kröfur á hverfisfélög í samstarfssamningum að koma á fót kynningarlínu, fyrir iðkendur sem eru að byrja (eitt æfingagjald - prófa margar greinar)
- Kröfur gerðar til hverfisfélaga í samstarfssamningum um að þau tryggja lágmarksframboð greina í hverfi (sjálf eða í samvinnu við sérgreinafélög)
- Kröfur gerðar um virkar siðareglur, eineltis- og jafnréttisáætlanir og áætlanir um viðbrögð við hverfs kyns ofbeldi.

Rekstur

Skilgreindar kröfur sem gerðar eru um rekstur og mælikvarða


- Samningar við íþróttafélög feli í sér styrk til aðstöðu, rekstrar, faglegs starfs og samvinnu

Aðgerð A2: Aðferðafræði við ákvörðun um uppbyggingu mannvirkja, líkan við forgangsröðun

Við ákvörðun um forgangsröðun fjárfestinga vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja er lagt til að notað verði forgangsröðunarlíkan fyrir opinberar framkvæmdir, byggt á aðferðafræði World Bank.

Líkanið tekur tillit til bæði fjárhagslegra og félagslegra þátta og eru verkefnin borin saman með tilliti til þessara þátta

Tillaga að ferli við forgangsröðun:



Félagslegir þættir


- Fjöldi notenda og nýtanleg rýmd aðstöðu
- Nýtingarhlutfall yfir árið
- Markaður
- Íbúar og börn og unglingar á áhrifasvæði, áhorfendur, aðstaða sem er fyrir á svæði
- Aðrir þættir
- Eykur fjölbreytni íþróttagreina á svæði
- Eykur jafnrétti / jafnræði í íþróttum
- Uppfylling staðla og alþjóðleg viðmið
- Tengingar við samgöngur (vistspor)

Fjárhagslegir þættir

- Árlegur kostnaður
- Fjárfesting
- Einskiptistekjur
- Viðbótar rekstrarkostnaður
- Viðhaldskostnaður
- Tekjur

Aðgerð A2: Forgangsröðun verkefna ákvarðast af stöðu verkefna með tilliti til fjárhagslegra og félagslegra þátta

Myndræn framsetning á forgangsröðun:



- Verkefni í fyrsta forgangshóp A
- Verkefni í næsta forgangshópi, val háð því hvort meiri áhersla er á félagsleg eða fjárhagslega þætti.
Hægt að fjármagna annað hvort öll verkefni í reit B eða öll í C en ekki bæði í einu, einnig hægt að velja blöndu úr B og C
- Verkefni með minnstan forgang D

Verkefni í A fá hátt gildi á bæði félagslega og fjárhagslega stuðlinum. Þessi verkefni ættu að hafa mestan forgang og fá brautargengi á áætlunartímanum

Taka þarf afstöðu til þess hvaða verkefni í B og C hópi eiga að hafa næst mestan forgang út frá því hvort félagslegir eða fjárhagslegir þættir eiga að veða meira

Verkefni í D flokki fá ekki forgang og hugsanlega þarf að endurskoða þau til að þau eigi möguleika á að fá brautargengi síðar



Reykjavíkurborg



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR